

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Grásteinn – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024 breytingu á deiliskipulagi Grásteins. Breytingin felur í sér sameiningar og lagfæringar á lóðum undir vegsvæði. Þá er stofnuð ný íbúðarlóð fyrir parhús og fyrir hitaveituskúr. Afmarkanir lóða breytast í samræmi við nýjar lóðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vetrarbraut 29-39 – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Vetrarbrautar í Ölfusi. Breytingin felur í sér stækkun lóða að götu. Lóðirnar sem um ræðir eru annars vegar Vetrarbraut 29-33 og hins vegar Vetrarbraut 35-39.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hlíðarendi, vatnsverksmiðja – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024 nýtt deiliskipulag fyrir Hlíðarenda. Í skipulaginu eru settir skilmálar fyrir áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulag þar sem það er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 40 ha iðnaðarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið en það verður fellt út við gildistöku þess skipulags sem nú er lagt fram.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selvogsbraut 12 – stækkun matvöruverslunar – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024 nýtt deiliskipulag fyrir Selvogsbraut 12. Skipulagið felur í sér sameiningu tveggja lóða að Selvogsbraut með það að markmiði að stækka matvöruverslun sem þar er staðsett.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vesturbyggð, 3. og 4. áfangi – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturbyggðar, 3. og 4. áfanga. Breytingin felur í sér að fjölbýlishúsum syðst í hverfinu er breytt í 2ja hæða raðhús.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Laxabraut 15-23 – landeldisstöð First Water – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. október 2024, nýtt deiliskipulag fyrir Laxabraut 15-23. Skipulagssvæðið er rúmir 50 ha að stærð og gerir ráð fyrir 28.000 tonna ársframleiðslu á eldislaxi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Engidalskvísl – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Engidalskvíslar. Orkuveita Reykjavíkur þarf að

koma fyrir búnaði (hraðabreyti) við hverja holu og því er nauðsynlegt að byggja yfir borholurnar. Með skipulaginu er byggingarreitur stækkaður svo borholur falli innan byggingarreits og þannig verði heimilt að reisa nauðsynleg mannvirki.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 10. desember 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024